

# Hálfsársuppgjör loftslagsbókhalds

Niðurstöður hálfsársuppgjör sýna að við erum á réttri leið að markmiði okkar um kolefnishlutleysi árið 2025. Kolefnisspor fyrri hluta ársins var 43% minna en á sama tímabili árið 2020.

Úr niðurstöðum hálfsársuppgjör loftslagsbókhalds má lesa að losun stendur í stað á milli fyrri hluta áráanna 2020 og 2021. Sé tímabilið borið saman við sama tímabil ársins 2019 sést að losun var 11% minni árið 2021 en árið 2019, síðasta samanburðarhæfa ár áður en heimsfaraldurinn olli samdrætti í orkuvinnslu og -sölu. Þá eykst kolefnisbinding í jarðveg og gróður um 13% á milli ára og mun kolefnisbinding á okkar vegum vera rúm 37 þúsund tonn árið 2021, eða sem nemur 40% af losun véla og tækja á Íslandi árið 2019.



## Hálfsársuppgjör loftslagsbókhalds

### Niðurstöður

Kolefnisspor

**2.603 tonn** ↓43%

Kolefnisspor á orkueiningu

**0,4 g/kWst** ↓43%

Losun gróðurhúsalofttegunda

**21.228 tonn** ↑1%

Losun á orkueiningu

**3,1 g/kWst** 0%

Kolefnisbinding

**18.625 tonn** ↑13%


Hlutfall hreinorkubíla

**35 %** ↑13%

Forðuð losun

**1.416.000 tonn** ↑1%

Breyting frá sama tímabili árið 2020



## Losun gróðurhúsalofttegunda fyrri helming árs (jan-jún)

	2019	2020	2021
<b>Umfang 1 (t CO<sub>2</sub>i)</b>			
Eldsneyti	214	175	191
Jarðvarmi	16.118	15.326	15.774
Losun Lóna	2.896	1.836	1.751
SF6 LV	16	0	15
<b>Umfang 2 (t CO<sub>2</sub>i)</b>			
Rafmagn	4	6	4
<b>Umfang 3 (t CO<sub>2</sub>i)</b>			
Áburður	479	829	684
Eldsneyti	102	121	113
Ferðir starfsfólks til og frá vinnu	47	35	35
Flug erlendis	158	24	-
Flug innanlands	83	27	30
Framkvæmd	437	48	38
SF6 Landsnet	717	1.131	1.131
Úrgangur	19	27	36
<b>Utan umfanga (t CO<sub>2</sub>i)</b>			
Eldsneyti	21	15	26
Losun Lóna	2.479	1.514	1.438
<b>Heildarlosun (t CO<sub>2</sub>i)</b> Umfang 1, 2 og 3 og utan umfanga			
Áburður	479	829	684
Eldsneyti	337	262	292
Til og frá vinnu	47	35	35
Flug erlendis	158	24	-
Flug innanlands	83	27	30
Framkvæmd	437	48	38
Jarðvarmi	16.118	15.326	15.774
Losun Lóna	5.375	3.349	3.189
Rafmagn	4	6	4
SF6 Landsnet	717	1.131	1.131
SF6 LV	16	-	15
Úrgangur	19	27	36

	2019	2020	2021
<b>Kolefnisbinding (t CO<sub>2</sub> í)</b>			
Kolefnisbinding	-15.950	-16.500	-18.625
<b>Niðurstöður (t CO<sub>2</sub> í)</b>			
Umfang 1	19.244	17.336	17.731
Umfang 2	4	6	4
Umfang 3	2.042	2.193	2.028
Utan umfanga	2.500	1.529	1.464
<b>Heildarlosun</b>	<b>23.790</b>	<b>21.064</b>	<b>21.228</b>
Kolefnisbinding	-15.950	-16.500	-18.625
<b>Kolefnisspor</b>	<b>7.840</b>	<b>4.564</b>	<b>2.603</b>
<b>Orkuvinnsla (GWst)</b>			
Jarðvarmi	536	572	467
Vatnsafl	6.628	6.246	6.388
Vindur	3	4	3
<b>Heildarorkuvinnsla</b>	<b>7.167</b>	<b>6.822</b>	<b>6.857</b>
<b>Losun á orkueiningu (g/kWst)</b>			
Losun á orkueiningu	3,3	3,1	3,1
Kolefnisspor á orkueiningu	1,1	0,7	0,4



## Hvernig gerum við hálfársuppgjör loftslagsbókhalds?

---

Við vinnum loftslagsbókhald út frá aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol (GHGP), sem er leiðandi alþjóðlegur fyrirtækjastaðall fyrir upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda. Upplýsingar um losun fyrirtækisins streyma frá ólíkum uppruna í loftslagsmælaborð fyrirtækisins og eru rýndar ársfjórðungslega.

Útgáfa hálfársuppgjör loftslagsbókhalds er liður í upplýsingagjöf okkar um framgang loftslagsáætlunar Landsvirkjunar og hvernig okkur miðar áfram í átt að metnaðarfullum markmiðum um kolefnishlutleysi og samdrátt í losun. Hálfársuppgjör gefur okkur ákveðnar vísbendingar um heildarlosun ársins, en hún er tekin saman í lok árs, rýnd og staðfest af óháðum endurskoðendum og gefin út í árlegu loftslagsbókhaldi fyrirtækisins.

Í [loftslagsbókhaldi ársins 2020](#) má sjá nánari upplýsingar um það hvernig við gerum loftslagsbókhald. Losunarstuðlarnir á bak við losunarupplýsingar koma frá [Umhverfisstofnun, Bretlandi](#) og Loftslagsbókhaldi Íslands (National Inventory Report) og eru þeir meðal þess sem ytri endurskoðendur taka út árlega.

Áætluð forðuð losun vegna lágs kolefnisspors raforkuvinnslu okkar er byggð á mati KPMG á forðaðri losun vegna raforkuvinnslu fyrirtækisins árið 2020. Árlegt mat óháðra aðila á forðaðri losun vegna orkuvinnslu okkar er hluti af upplýsingagjöf grænnar fjármögnunar. Notast er við viðmiðið 209 g/kWst, en nánari upplýsingar um aðferðafræði þessara útreikninga má finna í árlegri [skýrslu um ráðstöfun grænna fjármuna og áhrif grænnar fjármögnunar frá árinu 2020](#).